

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar
Hafnarstræti 91, 2. hæð
600 Akureyri

Reykjavík 10. desember 2018
UST201810-214/Ý.G.
09.01

Umsjónarnefnd fyrir friðlandið í Svarfaðardal.


Í samræmi við auglýsingu fyrir friðlandið í Svarfaðardal í Stjórnartíðindum B, nr. 443/1980 og umsjónarsamning milli Dalvíkurbyggðar og Umhverfisstofnunar dags. 21. febrúar 2014, óskar Umhverfisstofnun eftir því að Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar tilnefni einn fulltrúa í umsjónarnefnd um friðlandið. Óskað er eftir því að tilnefning fulltrúa berist eigi síðar en 28. desember 2018 ásamt heimilisfangi og netfangi viðkomandi.

Samkvæmt auglýsingunni er umsjón með friðlandinu í höndum þriggja manna nefndar, einum frá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar, einum frá Dalvíkurbyggð og einum frá Umhverfisstofnun og skal sá vera formaður. Samkvæmt fyrrgreindum umsjónarsamningi er hlutverk nefndarinnar að hafa yfirsýn yfir starfsemi og athafnir á svæðinu og vera ráðgefandi um málefni friðlandsins fyrir Umhverfisstofnun og Dalvíkurbyggð. Umsjónarnefndin skal funda minnst einu sinni á ári.

Umhverfisstofnun vekur athygli á 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Forstjóri Umhverfisstofnunar skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn. Tilnefningaraðili ber kostnað af setu fulltrúa sinna í nefndinni.

Virðingarfyllst



Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri



Ólafur Arnar Jónsson
Sviðsstjóri